

fjárölu á mörkuðum þar í sýslunni, en með því að þjer hafið álitid, að reglur þessar, **78**
sem þjer hafið sent hingað eptirrit af, væru þess eðlis að ekki væri unnt að samþykkja 30. júlí.
þær, þar sem ýms ákvæði þeirra hefðu enga lagaheimild við að styðjast og yrðu ekki
sett nema með lögum, hafið þjer fellt þær úr gildi til bráðabirgða og borið þenna ó-
gildingarúrskurð yðar undir úrslit mín.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amt-
maður, að með því að jeg er yður að öllu leyti samdóma um álit yðar á nefndum reglum,
staðfesti jeg hjer með ógildingarúrskurð þann á reglum þessum, sem þjer hafið kveðið upp.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um 79
hlunnindi handa sparissjóði. — Ut af þar um innkomnu bórnarbrjefi og samkvæmt 17. ágúst.
heimild þeirri, sem landshöfðingjanum er veitt í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokk-
ur fyrir sparissjóði á Íslandi, veiti jeg hjer með sparissjóði Árnassýslu á Eyrarbakka um
5 ára tímabil fyrst um sinn, er teljist frá 1 sept. næstkomandi, öll þau hlunnindi, er
getur um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, er
sett hefur verið fyrir sjóðnum, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum
sjóðsins sje vandlega gætt og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikn-
ingum hans, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að
verða gjörð á lögum sjóðsins og frá því, ef skiptir um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt
3. gr. laganna.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum í Árnassýslu
til birtingar fyrir forstöðunefnd sparissjóðs Árnassýslu.

Brjef landshöfðingja til forseta neðri deildar alþingis 1887, umboðsmanns 80
Jóns Sigurðssonar um greiðslu kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fens- 21. ágúst.
marks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað. — Í þóknanlegu brjefi,
dagsettu 18. þ. m. og meðteknu í dag, hafið þjer, herra forseti, beiðst þess, að jeg ávísi
cand. juris Páli Briem 2000 kr. af fje því, sem veitt er í 9. gr. fjárlaganna til kostn-
aðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu
og kaupstað.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að jeg álit mjer ekki heimilt, að svo stöddu, að á-
vísa til útborgunar úr landssjóði neinu af því fje, sem veitt er í fjárlögum, *til kostn-*
aðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks, þegar af þeirri ástæðu, að mjer er
ekki kunnugt um, að neitt mál sje höfðað útaf þessu tilefni, enda verð jeg að ætla, að
um útborgun kostnaðar við slíka málshöfðun yrði að fara eins og um útborgun annars
málkostnaðar, sem greiddur er úr landssjóði, þannig, að honum verði ekki ávísað nema
eptir sundurliðuðum úrskurðuðum reikningi.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um greiðslu kostnaðar við 81
aðgjörð á Öskjuhlíðarvegi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra 27. ágúst.
bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að veganefnd Reykjavíkur kaupstaðar hafi í síðastliðnum
mánuði látið endurbæta veg þann, sem liggur inn fyrir Öskjuhlíð, en að bæjarstjórnin